

Af fréttavef Skeljungs 2005

Bætt þjónusta á Fáskrúðsfirði

Í síðustu viku var skipt um dælur á Shellstöðinni á Fáskrúðsfirði. Auk hins hefðbundna eldsneytis er nú hægt að fá vélaolíu en einnig var komið upp sjálfisala.

Rekstraraðilar Shellstöðvarinnar eru hjónin Stefán Jónsson og Elísa Guðjónsdóttir en þau reka einnig söluskála S.J. Þar fást hefðbundnar veitingar, ýmsar ferðavörur auk þess sem hægt er að leigja nýjustu videospóllurnar.

Stefán og Elísa hafa rekið Shellstöðina frá árinu 1990. Stöðin þykir ávallt einstaklega snyrtileg en fyrir rúmu ári síðan gaf Heilbrigðiseftirlit Austurlands stöðinni toppeinkunn þar sem öll umgengni reyndist til stakrar fyrirmyndar.



Gömlu dælurnar fjarlægðar.

Í umsögn heilbrigðisfulltrúans sagði orðrétt: "Einstök snyrtimennska er á staðnum og má segja að öll umgengni beri af öðrum bensínstöðvum á því svæði sem undirritaður hefur eftirlit með".



Nýju dælurnar komnar upp.



Jóhann Haraldsson þáverandi yfirmaður bensínsöludeildar Skeljungs afhendir Stefáni (til hægri) lyklana af Shellstöðinni 29. sept 1990.